




Reykjavík, 19. júní 2025
USK25050198

Grímshagi 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Trípólí arkitekta ehf., dags. 13. maí 2025, um stækkun hússins á lóð nr. 2 við Grímshaga, sem felst í að fjarlægja núverandi viðbyggingu við austurgafli hússins og gera nýja viðbyggingu með þaksvölum að hluta til, setja kvisti á núverandi rishæð hússins, einn á hvora hlið, o.fl., samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta, dags. 13. maí 2025. Erindi fylgja drög að aðaluppdráttum, dags. 27. maí 2025, ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 28. maí 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 1 – Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði / ÍB3.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Fyrir á lóð er lítið einnar hæðar íbúðarhús á hlöðnum kjallara með tvíhalla þaki. Óskað er á lits skipulagsfulltrúa á því að fjarlægja litla einnar hæðar viðbyggingu á steiptum kjallara á suðausturhlið íbúðarhúss og byggja þess í stað nokkuð stærri viðbyggingu með þaksvölum, ásamt því að setja kvisti á máðar hliðar þaks.



Viðbygging fyrir breytingar



Viðbygging eftir breytingar



Reykjavík



Við samanburð á teikningu fyrir og eftir breytingar kemur í ljós að einnig er verið að óska eftir því að grafa frá suðurhlíð hússins þótt þess sé ekki getið í fyrirspurn.



Viðbygging fyrir breytingar



Viðbygging eftir breytingar

Erindi fylgir jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu, svo lengi sem landhæð á lóðarmörkum er óbreytt. Bent er á leiðbeiningar hverfisskipulags um útfærslu lóða og tengingar kjallara við lóð.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



Reykjavík